



Fréttatilkynning
15 December 2025 19:10:00 GMT

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka óskar eftir framboðum til stjórnar

Væntanlegur hluthafafundur Íslandsbanka í janúar 2026 þar sem stjórnarkjör verður á dagskrá.

Stjórn Íslandsbanka hefur borist krafa frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 1/20 hlutafjár í bankanum um að boðað verði til hluthafafundar þar sem stjórnarkjör er á dagskrá, sbr. tilkynningu bankans til kauphallar þann 8. desember 2025. Tilnefningarnefnd gerir ráð fyrir að boðað verði til fundarins í síðasta lagi 22. desember 2025.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka gegnir ráðgefandi hlutverki þegar kemur að kjöri til stjórnar bankans. Á þeim hluthafafundum þar sem kjör stjórnar er á dagskrá leggur nefndin fram rökstuddar tillögur varðandi þá frambjóðendur sem hún telur best til þess fallna að taka sæti í stjórn bankans. Nánari upplýsingar um hlutverk tilnefningarnefndar og starfsreglur nefndarinnar má finna á [vef Íslandsbanka](#).

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka óskar eftir framboðum til stjórnar bankans sem vænst er að kjörin verði á hluthafafundi bankans í janúar 2026.

Framboðum skal skilað til tilnefningarnefndar á sérstöku eyðublaði gegnum [vef bankans](#) fyrir kl. 16:00 þann 22. desember 2025. Tilnefningarnefnd mun ekki leggja mat á framboð sem berast eftir þann tíma. Nefndin mun birta tillögur sínar í síðasta lagi fimm dögum fyrir hluthafafund.

Athugið að störf tilnefningarnefndar og skilafrestur framboða til hennar takmarka ekki rétt frambjóðenda til að skila inn framboðum til stjórnar bankans áður en almennur framboðsfrestur rennur út, sem er fimm (5) dögum fyrir hluthafafund bankans.

Vilji hluthafar koma sjónarmiðum á framfæri við nefndina er varða störf hennar í aðdraganda hluthafafundar, er þeim bent á að hafa samband við tilnefningarnefnd í gegnum netfangið tilnefningarnefnd@islandsbanki.is eigi síðar en 22. desember 2025.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Viðhengi

[Tilnefningarnefnd Íslandsbanka óskar eftir framboðum til stjórnar](#)